

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 136/1176
komudagur 11.3.2009



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. mars 2009
Tilvísun: UST20090300014/sá

Umsögn um tillögu til þingsályktunar, aðgengi að Þríhnjúkahelli, 68. mál.

Með bréfi, dags. 3. mars 2009, sendi umhverfisnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar tillögu að þingsályktun um að skora á menntamálaráðherra að hefja nú þegar skipulagða vinnu til þess að fylgja eftir hugmyndum um að gera Þríhnjúkahelli í Bláfjöllum, stærsta hraunhelli í heimi, aðgengilegan fyrir ferðamenn, 68. mál.

Umhverfisstofnun telur að beina hefði ofangreindri tillögu til umhverfisráðherra þar sem um náttúruminjar er að ræða. Stofnunin bendir enn fremur á að Þríhnjúkahellir er innan Bláfjallafólkvangs. Samkvæmt 56. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, bera hlutaðeigandi sveitarfélög allan kostnað af stofnun og rekstri fókvangs að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði. Stofnunin telur æskilegt að bæta aðgengi almennings að náttúrufrýrbærum og tryggja að öryggi sé fullnægjandi. Stofnunin bendir á að fram komnar hugmyndir um að auka aðgengi að Þríhnjúkahelli eru nokkuð umfangsmiklar og nauðsynlegt er að áhrif þeirra á nálægar jarðmyndanir verði metnar sbr. einkum 37. gr. laga um náttúruvernd. Einnig gildir um framkvæmdina að leyta þarf leyfis Umhverfisstofnunar skv. 38. gr. sömu laga. Mögulega mun framkvæmdin falla undir tilkynningarskyldu laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem um friðlýst svæði er að ræða.

Virðingarfyllt

Sigrún Agústsdóttir

Olafur A. Jónsson